




Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands

ÁRSSKÝRSLA

2020



Ársskýrsla 2020

© Heilbrigðiseftirlit Vesturlands 2021

Ljósmynd á forsíðu: Höfrungur AK 91, byggður 1955 fyrir Harald Böðvarsson & co á Akranesi af Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts.

Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Þorsteini Narfasyni.

Rafræn pdf-útgáfa á vef Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, www.hev.is

EFNISYFIRLIT

STJÓRNSKIPAN OG HLUTVERK HEILBRIGÐISEFTIRLITS	3
Heilbrigðisnefnd Vesturlands	4
STARFSEMI	4
Rekstur	4
Áskoranir í rekstri	5
Fundir og ráðstefnur	6
Stjórnsýsla	6
Útgefin starfsleyfi árið 2020	6
Kvartanir	7
Eftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi	7
Beiting þvingunarúrræða	8
Umsagnir um rekstrarleyfi sýslumanns og tímabundin áfengisveitingaleyfi	8
Umsagnir um skipulagsmál	9
Nefnda- og hópastarf	9
Vatnaráð	9
Vatnasvæðanefnd	9
Starfshópur um endurskoðun reglugerðar um neysluvatn	9
Hollustuháttahópur	9
Umhverfisgæðahópur	9
Matvælahópur	10
EFTIRLIT	10
Samþykktir sveitarfélaga	10
Tóbaksvarnir	10
Matvæli	10
Vöktun neysluvatns	10
Hollustuhættir	11
Sundstaðir – sýnataka úr baðvatni	11
Hundahald	12
Eftirlit með húsnæði	12
Umhverfiseftirlit	13
Vöktun vatna	13
Úrgangsmál	13
Hvalreki	14
Loftgæði	14
Fráveita í þéttbýli	14
Fráveita í dreifbýli	15
FJÁRMÁL	16



1. mynd. Borgarnes á fallegum degi.


STJÓRNSKIPAN OG HLUTVERK HEILBRIGÐISEFTIRLITS

Í landinu eru tíu heilbrigðiseftirlitssvæði sem sjá um að framfylgja ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 93/1995 um matvæli, laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir. Einnig ákvæðum reglugerða sem settar eru með stoð í þessum lögum, heilbrigðissamþykktu og sérstakra laga og reglna sem heilbrigðisnefndum er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga er staðbundið stjórnvald sem heyrir undir heilbrigðisnefndir, sem byggja ákvarðanir sínar á framangreindri löggjöf og eru ákvarðanir þeirra fullnaðarákvarðanir í stjórnsýslunni.

Fyrirkomulag stjórnsýslu heilbrigðiseftirlitsins, stofnana og ráðuneyta má sjá á 2. mynd. Matvælastofnun hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti og heyrir málaflókkurinn undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með málum sem tengjast hollustuháttum, mengunarvörnum og vöktun og heyrir þeir málaflókkar undir umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Formenn og framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæða sitja í Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) sem fjalla m.a. um samræmingu og stefnumótun málaflóksins.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands var stofnað árið 1999 af sveitarfélögum á Vesturlandi. Árið 2020 er því 21. starfsár stofnunarinnar. Hlutverk heilbrigðiseftirlits er að vinna í almannabágu með því að framfylgja þeim lögum og reglugerðum sem heyrir undir stofnunina m.a. með því að tryggja:

- Heilnæmi matvæla, með vöktun við framleiðslu, flutning, dreifingu, sölu og merkingu.
- Viðhalda reglubundnu eftirliti með mengandi starfsemi; s.s. með kröfu um bætтар mengunarvarnir þar sem við á.
- Viðhalda reglubundnu eftirliti með heilnæmi sundlaugavatns og aðstöðu og búnaði íþróttamannvirkja.
- Aðstöðu og sóttvarnir þar sem unnið er að persónulegri þjónustu, s.s. á tannlæknastofum, snyrtistofum og þess háttar starfsemi.
- Tryggja að leiktæki uppfylli staðla og húsnæði sé öruggt og heilsusamlegt.
- Fræðslu á sviði heilbrigðiseftirlits. Unnið er í samvinnu við stjórnvöld og íbúa að því að uppfylla markmið laga og reglugerða.
- Vöktun neysluvatns, yfirborðsvatns í ám og vötnum og strandlengjunnar s.s. vegna fráveitu.



2. mynd. Fyrirkomulag stjórnsýslu heilbrigðiseftirlits, stofnana og ráðuneyta. Punktalína táknar samvinnu stofnana en ekki beint boðvald.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands heldur úti vefsetrinu www.hev.is, þar sem veittar eru upplýsingar um starfsemi eftirlitsins.



Heilbrigðisnefnd Vesturlands

Heilbrigðisnefnd Vesturlands hélt sex formlega fundi árið 2020, auk þess var haldinn aðalfundur í júní. Þá lét Ólafur Adolphsson af formennsku og var Karitas Jónsdóttir kosin í hans stað. Auður Kjartansdóttir var kosin í embætti varaformanns. Fundargerðir eru birtar jafnóðum á [vef eftirlitsins](#). Yfirlit yfir aðal- og varamenn í Heilbrigðisnefnd Vesturlands er í 1. töflu.

1. tafla. Aðal- og varamenn í Heilbrigðisnefnd Vesturlands.

Aðalmaður	Sveitarfélag/staða	Varamaður	Sveitarfélag
Karitas Jónsdóttir F, formaður	Akranes	Ingibjörg Valdimarsdóttir	Akranes
Auður Kjartansdóttir D, varaformaður	Snæfellsbæ	Skúli Hreinn Guðbjörnsson	Dalabyggð
Brynja Þorbjörnsdóttir H	Hvalfjarðarsveit	Helgi Magnússon	Hvalfjarðarsveit
Jakob Björgvín Jakobsson D	Stykkishólmi	Steinunn I. Magnúsdóttir	Stykkishólmi
Silja Eyrún Steingrímsdóttir D	Borgarbyggð	Logi Sigurðsson	Borgarbyggð
Trausti Gylfason	Fulltrúi atvinnulífs	Sigríður Margrét Guðmundsdóttir	
Ragnhildur Sigurðardóttir	Fulltrúi náttúruv. nefnda á V-landi		

STARFSEMI

Rekstur

Starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins sjá um daglegan rekstur heilbrigðiseftirlitsins og vinna þeir í umboði heilbrigðisnefndar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þ.m.t. að sinna reglubundnu eftirliti og að beita þvingunarúrræðum þegar við á. Starfsmenn eftirlitsins eru þrír, Árni Gunnarsson heilbrigðisfulltrúi, Ása Hólmarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi og Þorsteinn Narfason, framkvæmdastjóri sem hóf störf í byrjun september, Helgi Helgason, framkvæmdastjóri lét af störfum í lok apríl eftir 36 ára starf.

Gjöld voru innheimt af fyrirtækjum samkvæmt gjaldskrá nr. 1071/2020 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarna- og matvælaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Eftirlit fer fram í samræmi við eftirlitsáætlun þar sem tíðni reglubundins eftirlit kemur fram. Að auki eru farnar eftirlitsferðir vegna sýnatöku, vegna eftirfylgni krafna sem settar hafa verið fram, vegna kvartana og til skoðunar umgengni á lóðum og skoðunar á íbúðarhúsnæði. Aðilar sem ekki sætta sig við álagningu eftirlitsgjalda geta vísað málum til Úrskurðarnefndar um umhverfis og auðlindamál. Eitt slíkt mál kom upp þar sem innheimta árlegra eftirlitsgjalda var kærð en niðurstaða lá ekki fyrir í málinu í árslok.

Alls eru 771 starfsleyfsskyld fyrirtæki á skrá hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Á bak við hvert fyrirtæki getur verið margþætt starfsemi sem hver um sig telur sem eftirlitsskyldur staður. Sé horft til þess eru rúmlega 1000 eftirlitsskyldir staðir á skrá á Vesturlandi. Um þriðjungur fyrirtækjanna er með starfsleyfi sem gefin eru út vegna mengunarvarna, um þriðjungur vegna hollustuhátta og um þriðjungur vegna matvælamála. Heilbrigðiseftirlitið hefur einnig eftirlit með fyrirtækjum sem ekki eru starfsleyfisskyld, t.d. vegna laga um tóbaksvarnir, og einnig með tímabundinni starfsemi, s.s. brennum og niðurrifi húsa. Lögbundnu eftirliti er sinnt skv. eftirlitsáætlun og er tíðni eftirlits með fyrirtækjum lögbundin.

Á árinu var tekin upp sú nýbreytni að heilbrigðisfulltrúar geta nú skráð og tekið myndir í eftirliti og skráð eftirlitsskýrslur beint í gagnagrunninn með spjaldtölvum sem tengjast honum með 4G-sambandi. Gagnagrunnurinn heldur utan um alla starfsemi eftirlitsins og á árinu var unnið að talsverðum endurbótum á honum. Enn á eftir að skrá talsvert af starfsleyfisskildum vatnsveitum, námum og olíumannvirkjum inn í eftirlitsgrunninn sem var tekinn í notkun árið 2018. Að sama skapi

för drjúgur tími á árinu í að hreinsa út starfsemi sem er hætt og fækkaði fyrirtækjum umtalsvert við það, mest munaði um heimagistingu sem er ekki lengur starfsleyfisskyld hjá heilbrigðiseftirliti. Heilbrigðiseftirlitið hefur þjónustusamning við InfoCom Tech Iceland um rekstur gagnagrunnsins.

Á árinu var lögð fyrir heilbrigðisnefnd drög að endurnýjun á samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands en gildandi samþykkt er frá árinu 2012. Samþykkt var að vísa samþykktinni til umfjöllunar og afgreiðslu á næsta aðalfundi í mars 2021. Samþykktinni er ætlað að ramma starfsemi heilbrigðiseftirlitsins betur inn m.a. með skýrari ákvæðum um verklag.

Áskoranir í rekstri

Í gengum tíðina hafa ýmist einn eða tveir heilbrigðisfulltrúar starfað hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, árið 2020 er fyrsta árið þar sem eru starfandi þrír starfsmenn í fullu starfi. Verkefni hafa því alla tíð verið ærin og þó margt gott hafi unnist hafa fjölmörg verkefni orðið út undan. Þannig eru 247 af 771 fyrirtækjum sem eru skráð í eftirlitsgagnagrunni heilbrigðiseftirlitsins ekki með starfsleyfi, eða þá að starfsleyfi þeirra eru útrunnin. Mikilvægt er að koma þessu í lag og vinna starfsleyfi fyrir öll fyrirtæki sem fyrst. Starfsleyfi setur fyrirtækjum ramma til að starfa eftir og skýrir tengingu þeirra við hina ýmsu löggjöf sem þau þurfa að uppfylla. Unnið hefur verið markvisst á árinu í starfsleyfisútgáfu hjá þessum fyrirtækjum sem hefur tekið tíma sem annars færi í reglubundið eftirlit. Skv. lögum nr. 7/1998 er ólöglegt að starfa án starfsleyfis sé fyrirtæki starfsleyfisskylt.

Önnur áskorun er að fjölda starfsleyfisskyldra fyrirtækja vantar á skrá heilbrigðiseftirlitsins, þetta eru flest vatnsból hjá matvælaframleiðendum, flestar námur, rannsóknarstarfsemi og starfsemi þar sem notuð eru ósoneyðandi kælimiðlar, sumar olíuafgreiðslur á höfnum og hjá verktökum, spennistöðvar og ýmis mengandi starfsemi sem er starfandi án starfsleyfis er þar á meðal eru fjölmörg verkstæði og geymslusvæði. Ef allt er talið er líklegt að um 300 eftirlitsskyldir staðir myndu bætast á skrá heilbrigðiseftirlitsins ef þessi starfsemi er tekin með í reikninginn. Þá hafa málefni eins og tiltekt á lóðum og lendum og úrgangsmál í dreifbýli ekki fengið eftirlit sem skyldi. Nefna má að sum eftirlitsvæði eru með sérstakan starfsmann í slíkum verkefnum, mögulega mætti skoða aðgerðir ríkisstjórnarinnar um atvinnusköpun í því sambandi til að ráða tímabundinn starfsmann.

Nú liggur fyrir að með þremur stöðugildum er aðeins unnt að sinna hluta af lögbundnu eftirliti. Ef öllu lögbundnu eftirliti væri sinnt væru tekjur af eftirliti með þessum fyrirtækjum yfir 56 milljónir miðað við gildandi gjaldsskrá. Skv. fjárhagsáætlun er aðeins gert ráð fyrir eftirlitstekjum uppá 17,5 milljónir. Við þessar aðstæður er ekki hægt að búa þar sem þetta ástand skapar verulega mismunun milli fyrirtækja þar sem sum fyrirtæki fá eftirlit en önnur ekki. Fyrirtækjum sem fá eftirlit er gert skylt að uppfylla kröfur skv. lögum og reglugerðum meðan önnur sleppa við þrýsting eftirlitsaðila um að leggja út fyrir þeim kostnaði sem í því getur legið. Að sama skapi er ekki unnt að ábyrgjast að matvæli sem eru framleidd hjá fyrirtækjum sem ekki fá eftirlit séu örugg, sama má segja um aðstöðu í umhverfi barna s.s. í skólum og leikskólum. Þá er óvíst hvort mengunarvarnir, úrgangsmál og annað sem tengist rekstri fyrirtækja sem valdið getur mengun séu í lagi hjá fyrirtækjum sem ekki fá eftirlit. Til að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart fyrirtækjum og sveitarfélögum þarf að ráða tvo starfsmenn til viðbótar hið fyrsta. Starfsemin þarf að vera rekin þannig að svigrúm sé fyrir starfsfólk að sinna endurmenntun s.s. vegna nýrrar löggjafar. Enginn starfsmaður HEV hefur réttindi til að sinna skipaskoðun og er brýnt að bregðast við því. Meðal verkefna sem bíða er uppfærsla á vefsvæði eftirlitsins en þar eru takmarkaðar upplýsingar og vefsvæðið komið til ára sinna.

Fundir og ráðstefnur

Vegna ástandsins í þjóðfélaginu var óvenju lítið um fundi og ráðstefnur á árinu og voru nánast allir fundir sem haldnir voru fjarfundir. Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitsvæða héldu reglulega símafundi og forstjóri Umhverfisstofnunar stóð fyrir reglubundnum fundum með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlita vegna mála sem upp komu á árinu. Stærri fundir s.s. vorfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) með stofnunum og ráðuneytum var felldur niður og árlegur haustfundur sem SHÍ hefur staðið fyrir með öllum starfsmönnum heilbrigðiseftirlits var einnig aflýst vegna kórónaveirunnar. Ársfundur heilbrigðiseftirlitsins var haldinn 15. júní 2020.

Stjórnsýsla

Útgefin starfsleyfi árið 2020

Alls voru gefin út 166 starfsleyfi árið 2020. Í 2. töflu má sjá yfirlit yfir starfsleyfisútgáfu áranna 2016–2020.

2. tafla. Útgefin starfsleyfi fyrir árin 2016–2020

Flokkur	2016	2017	2018	2019	2020
Matvælasvið	5	24	20	17	61
Hollustuháttasvið	90	92	107	114	64
Mengunarvarnir	36	42	39	22	41
Alls	131	158	166	153	166

Fimm tímabundin starfsleyfi voru gefin út vegna niðurrifs mannvirkja á árinu (3. mynd). Heilbrigðiseftirlitið er eftirlitsaðili í tengslum við niðurrif húsa og skal verktaki skila inn skýrslu um gerð, magn og lokaáfangastað úrgangs.


Umsókn barst um starfrækslu hveitimyllu á Grundartanga og var hún rædd ítrekað á fundum heilbrigðisnefndar. Um er að ræða starfsemi sem væri innan þynningarsvæðis iðjuveranna á Grundartanga. Ekki var komin niðurstaða í málið í árslok hvort leyfi yrði veitt.




3. mynd. Tímabundið starfsleyfi var veitt til að fjarlægja gamlar vatnslagnir með asbesti.

Kvartanir

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands bærust alls 65 kvartanir árið 2020, það eru þær kvartanir sem berast beint til heilbrigðiseftirlitsins (4. mynd). Algengast var að kvartað væri yfir málum sem tengjast umhverfinu, úrgangsmálum, umgengi og matvælum (5. mynd).



4. mynd. Skráðar kvartanir á árunum 2018–2020.



5. mynd. Fjöldi kvartana eftir málaflokkum árið 2020.

Eftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi

Farnar voru 316 eftirlitsferðir á árinu 2020 af þeim 552 eftirlitsferðum sem hefði þurft að sinna skv. eftirlitsáætlun. Ástandið í þjóðfélaginu gerði það að verkum að fáar eftirlitsferðir voru farnar í byrjun árs. Samkomutakmarkanir voru í gildi og starfsemi lá víða niðri auk þess sem aðeins tveir starfsmenn voru starfandi hluta úr árinu í stað þriggja.

Þegar leið á árið var ljóst að óhætt væri að fara í fyrirtæki með því að viðhafa ákveðnar varúðarráðstafanir. Á 6. mynd má sjá fjölda eftirlitsferða frá árinu 2018–2020.

Í einni eftirlitsferð þarf að sinna margþættu eftirliti hjá samsettri starfsemi. Sem dæmi þá þarf að taka út húsnæði, mötuneyti og leikvallataeki í eftirliti með leikskóla en þetta allt telur eina eftirlitsferð.

Beiting þvingunarúrræða


Í eftirlitsferðum ársins 2020 voru skilgreind 325 frávík þar sem fyrirtækjum var gefinn frestur til úrbóta. Á 7. mynd má sjá fjölda slíkra frávika eftir árum (2018–2020). Fjöldi frávika árið 2018 skýrist af því að þá er verið að taka gagnagrunn eftirlitsins í notkun og því ekki marktækur fjöldi skráninga það ár.

Heilbrigðisnefnd getur beitt tilteknum þvingunarúrræðum til þess að knýja á um framkvæmd í samræmi við lög um matvæli og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þeim aðilum sem ekki sætta sig við kröfur heilbrigðiseftirlits er heimilt að vísa málum til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál en ekkert slíkt mál kom upp vegna beitingu þvingunarúrræða.


Heilbrigðisnefnd lagði í einu tilviki á dagsektir á aðila þó þannig að aðilanum var gefinn frestur til að bregðast við áður en dagsektir færu að telja og dugði það til að fá úrbætur. Í öðru tilviki var upplýst að dagsektum yrði beitt ef úrbótum yrði ekki lokið sem dugði til að fá úrbætur. Á 8. mynd má sjá meðaldagafjölda sem það tók að fá úrbætur vegna frávika fyrir árin 2018–2020.

Umsagnir um rekstrarleyfi sýslumanns og tímabundin áfengisveitingaleyfi


Heilbrigðiseftirlitið er umsagnaraðili um rekstrarleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi, sem gefin eru út af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu (3. tafla).



6. mynd. Fjöldi eftirlitsferða árin 2018–2020.



7. mynd. Fjöldi frávika eftir árum 2018–2020.



8. mynd. Meðaldagaföldi sem það tók að fá úrbætur vegna frávika árin 2018–2020.

3. tafla. Umsagnir um rekstrarleyfi sýslumanns 2016–2020.

Umsagnir um rekstrarleyfi:	2016	2017	2018	2019	2020
Veitingastaðir	39	22	32	27	11
Gististaðir	82	71	44	46	34
Tímabundinn áfengis- og tækifærisleyfi	39	49	38	42	22
Alls	160	142	114	115	67

Umsagnir um skipulagsmál

Gefnar voru 35 skriflegar umsagnir til sveitarfélaga á árinu vegna skipulags- og byggingamála sem er svipað og árið 2019.

Nefnda- og hópastarf

Vatnaráð

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Vesturlands situr í vatnaráði fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Vatnaráð er skipað samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, og hefur umsjón með gerð tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaráætlun og vöktunaráætlun. Vatnaráð gerir jafnframt tillögu til ráðherra um staðfestingu vatnaáætlunar, aðgerðaráætlunar og vöktunaráætlunar og endurskoðun þeirra þegar við á, að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar. Vatnaráð veitir umsögn við gerð reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna og fylgist með því hvernig markmiðum laganna er náð og metur m.a. þann kostnað sem af þeim hlýst fyrir ríki og sveitarfélög. Ráðið skilar reglulega skýrslu til ráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um þau efni og setur fram ábendingar um kostnaðinn eftir því sem þörf krefur.

Vatnasvæðanefnd

Ása Hólmarsdóttir situr í vatnasvæðanefnd tilnefnd af Heilbrigðisnefnd Vesturlands í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

Starfshópur um endurskoðun reglugerðar um neysluvatn

Framkvæmdastjóri situr í starfshópi á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis sem fulltrúi SÍS. Starfshópurinn hefur það hlutverk að endurskoða reglugerð um neysluvatn. Í árslok 2019 var ákveðið að bíða með endurskoðun reglugerðarinnar þar sem von er á nýrri tilskipun frá Evrópusambandinu sem síðar verður innleidd í íslenska löggjöf.

Hollustuháttahópur

Umhverfisstofnun heldur utan um samvinnuvettvang milli stofnunarinnar og heilbrigðiseftirlitssvæða í vinnuhópi um hollustuhætti. Í hópnum hafa verið unnin starfsleyfisskilyrði og leiðbeiningar í málaflokknum og á ýmsan hátt unnið að samræmingu og nýjungum í eftirliti. Á árinu voru haldnir tíu fundir í hópnum. Einnig var unnið að gerð áhættumats fyrir hollustufyrirtæki og að endurskoðun reglugerðar um hollustuhætti.

Umhverfisgæðahópur

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands tók þátt í vinnuhópi um umhverfisgæði á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Hópurinn hittist 11 sinnum á árinu og vann að verkefnum að samræmingu eftirlits á landsvísu, s.s. áhættumati fyrir mengandi starfsemi þannig að framkvæmd áhættumats sé með sama hætti um land allt.

Matvælahópur

Matvælastofnun heldur utan um sameiginlegan vettvang mála sem tengist matvælum með þátttöku fulltrúa frá heilbrigðiseftirlitsvæðunum tíu. Hópurinn hittist á fjarfundum alls sjö sinnum þar sem unnið er með ýmis mál tengd málaflokknum hverju sinni og að samræmingu eftirlits á svæðnum. Á árinu hefur helst verið rætt um opinbera frammistöðuflokkun matvælafyrirtækja, heilsufullyrðingar og aðrar merkingar og auglýsingar á matvælum. Þá hefur umræða um skilyrði, aðstöðu og eftirlit með matvælavögnum nokkuð verið rædd.

EFTIRLIT

Samþykktir sveitarfélaga

Heilbrigðiseftirlitið fer með eftirlit samkvæmt samþykktum sveitarfélaga sem eru sett með stöð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þetta er m.a. samþykktir um bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds auk samþykktar um meðferð úrgangs og skólps. Heilbrigðisnefnd semur drög að nýjum samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem leggur fyrir ráðherra til samþykktar. Heilbrigðiseftirlitinu er heimilt að innheimta gjald af sveitarfélögunum fyrir veitta þjónustu vegna eftirlits af þessu tagi eftir gildandi. Yfirlit yfir gildandi samþykktir er aðgengilegt á vefsvæðum sveitarfélaganna.

Tóbaksvarnir

Tóbakssala fer yfirleitt fram í söluturnum og matvælaerslunum. 28 sölustaðir voru með leyfi til tóbakssölu í árslok, en fjögur tóbakssöluleyfi voru gefin út árið 2020 (4. tafla). Sölustöðum tóbaks hefur fækkað nokkuð frá setningu laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir. Heilbrigðiseftirlitið hefur ekki eftirlit með sölu rafsígarettna heldur heyrir það undir Neytendastofu.

4. tafla. Tóbakssöluleyfi og veittar undanþágur árin 2016–2020.

Tóbakssöluleyfi	2016	2017	2018	2019	2020
Fjöldi útgefna tóbakssöluleyfa	4	6	7	11	4
Fjöldi veittra undanþága vegna sölu tóbaks yngri en 18 ára.	0	4	9	8	6

Matvæli

Um matvælaeftirlit gilda lög nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Tilgangur laganna er að tryggja sem kostur er gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Matvælafyrirtæki er skilgreint hvert það fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eða ekki. Bæði á það við um einkarekin og opinber fyrirtæki. Neysluvatn telst vera matvæli í skilningi laganna.

Vöktun neysluvatns

Eftirlit með vatnsveitum fer fram með sýnatöku á neysluvatni auk þess sem vatnsverndarsvæði eru skoðuð þegar tók eru á. Í 5. töflu eru niðurstöður gerlagreininga á neysluvatni 2020 teknar saman. Tekin voru 29 sýni úr starfsleyfisskyldum vatnsveitum í dreifbýli sem þjóna 150 íbúum eða færri. Flest sýni stóðust gæðakröfur utan átta, en þau féllu m.a. vegna kóliformgerla og *E. coli*. Sýnatökur voru endurteknar þegar búið var að gera lagfæringar og mældist þá enginn *E. coli* gerill. Þá skal nefna að af þessum átta sýnum þá stóðust fjögur sýni ekki gæðakröfur vegna of háa sýrustigs. Sýrustig í vatni ræðst af miklu leyti af berglögum þar sem vatn er tekið. Að höfðu samráði við rannsóknarstofu þykir ekki ástæða til að bregðast við of háu sýrustigi í þessum veitum. Tekin voru 39 neysluvatnssýni í þéttbýli.

5. tafla. Fjöldi sýna úr neysluvatni árin 2016–2020.

Tóbakssöluleyfi	2016	2017	2018	2019	2020
Fjöldi sýna úr neysluvatni	88	131	112	115	68

Eftir ábendingu frá Matvælastofnun ákvað Heilbrigðisnefnd að fela starfsmönnum heilbrigðiseftirlitsins að setja sýnatökur af neysluvatni í mjólkurhúsum á Vesturlandi á sýnatökuáætlun, ekki vannst þó tími til þess að taka nema lítinn hluti af þessum sýnum á árinu.

Árleg heildarsýnataka fór fram í vatnsveitum þéttbýlanna; Akranesi, Borgarbyggð, Stykkishólmi og Grundarfirði og gáfu niðurstöður rannsókna ekki tilefni til athugasemda. Fjöldi heildarsýna var sjö á árinu 2020.

Árið 2020 var unnið að því að útbúa áhættumatskerfi fyrir lítil vatnsból og tengja við gagnagrunn heilbrigðiseftirlitsins. Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra heilbrigðiseftirlitssvæða og Vatnaverkefnafræðistofu Háskóla Íslands og kemur Heilbrigðiseftirlit að verkefninu árið 2020.



8. mynd. Vatnstökusvæði. Óæskilegur vatnssvelgur er við brunninn sem skapar hættu á yfirborðsmengun neysluvatns.

Þar sem búið er að prufukeyra verkefnið á öðrum eftirlitssvæðum hefur komið í ljós að algengustu áhættuþættir sem komið hafa í ljós í litlum vatnsbólum er að þau eru ekki aðgengileg (t.d. niðurgafið), yfirfallsrör vantar á vatnstökubrunn, dýraskítur finnast í næsta nágrenni við vatnsból og að meindýr gátu mögulega komist í vatnsból. Það síðastnefnda átti til dæmis við ef músanet vantaði á útloftun. Ef brunnar sitja of neðarlega í landinu geta einnig við vissar aðstæður verið hættu á að ofanvatn komist í brunninn, t.d. í leysingum. Einnig er algengt að vatnsból séu ógirt en gerð er krafa um að brunnsvæði sé afgirt með að lágmarki girðingu sem er 5 m radíus frá brunni. Stefnt er að því að áhættumeta vatnsból um leið og eftirlit með gæðum neysluvatnsins fer fram.

Hollustuhættir

Sundstaðir – sýnataka úr baðvatni

Tekin voru níu sýni úr sundlaugavatni árið 2020. Af þeim stóðust sjö gæðakröfur en tvö sýni stóðust þær ekki vegna of hás gerlafjölda við 37° hita. Rekstraraðilar fengu upplýsingar um niðurstöður þegar þær lágu fyrir og í þeim tilvikum sem sýni féll var þeim gert að bregðast við með viðeigandi ráðstöfunum, sem felur í sér bættu hreinsun á sundlaugarvatninu. Stefnt er að því að sýnataka í sundlaugavatni verði hluti af reglubundnu eftirliti með sundlaugum.

Veittar voru þrjár undanþágur vegna fjölda starfsmanna við laugargæslu minni lauga eins og heimild er til í reglugerð um sund og baðstaði. Þetta er fyrir Hreppslaug í Skorradal, Hlaðir í Hvalfjarðarsveit og Laugar í Sælingsdal.

Á árinu kom formleg beiðni frá sóttvarnalækni þar sem óskað var eftir því að heilbrigðiseftirlitið hefði aðkomu að eftirliti með sóttvörnum í íþróttamannvirkjum, sundlaugum og skemmtistöðum. Í kjölfarið hefur þetta verið skoðað sérstaklega.

Hundahald

Heilbrigðiseftirlitið hefur viðrað þá hugmynd að gefa út eina hunda- eða dýrasamþykkt fyrir Vesturland en ekki hefur gefist svigrúm til þess að kafa dýpra ofan í málið. Jafnframt má skoða möguleika á að styrkja heilbrigðiseftirlitið með því að færa stjórnslu eftirlits með hundasamþykktum og öðrum samþykktum til heilbrigðiseftirlitsins s.s. eftirfylgni mála. Í gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins er gert ráð fyrir þessum möguleika en til þess að þetta gengi þyrfti að fjölga starfsfólki.

Eitt leyfi var gefið út fyrir hundabjálfa í samræmi við heimild í hundasamþykktum sveitarfélaga til að starfrækja námskeið fyrir hunda og eigendur þeirra.

Eftirlit með húsnæði

Almenningur hefur rétt til að kalla heilbrigðiseftirlitið til ef grunur er um að húsnæði sé heilsuspillandi og á hverju ári er farið nokkrar slíkar heimsóknir í íbúðarhúsnæði. Helstu ástæður fyrir raka og myglu í húsum geta verið af ýmsum toga. Oftast er um að kenna lélegri loftræstingu þar sem loftun er gölluð, gluggar eru of litlir eða ekki opnaðir, ofnar bilaðir, loftræstikerfi er ekki til staðar eða bilað eða húsnæðið er ekki samþykkt til búsetu, t.d. með gluggalausum rýmum. Heilbrigðiseftirlitið er ágætlega tækjum búið til að taka að sér slíka úttekt. Á vef Umhverfisstofnunar er að finna leiðbeiningar um raka og myglu og einnig um veggjalús.

Engin kvörtun kom um veggjalús á árinu en slík kvörtun kom síðast árið 2019. Nokkuð er um úttektir á húsnæði gististaða en gististaðir þar sem leiga er á gistiplássum í meira en 90 daga er starfsleyfisskyld hjá heilbrigðiseftirlitinu. Heilbrigðiseftirlitið sinnir því ekki kvörtunum og eftirfylgni í heimagistingu s.s. ef veggjalús kemur upp þar sem valdheimild til þess er ekki til staðar.



9. mynd. Sveppvöxtur og fúu í þaki í húsnæði sem myndast vegna ónógrar loftunar í þaki.

Umhverfiseftirlit

Reglubundið mengunarvarnaeftirlit er með fyrirtækjum sem eru starfsleyfis skyld samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Í reglugerðinni er krafa um að nýjar starfsleyfisumsóknir séu auglýstar á vef heilbrigðiseftirlits í fjórar vikur og á sama stað á auk þess að auglýsa útgefin starfsleyfi fyrirtækja. Þegar starfsleyfisútgáfu lýkur er útbúin greinargerð þar sem málsmeðferð kemur fram.

Sérstætt mál kom upp þar sem leitað var til heilbrigðiseftirlitsins vegna hugsanlegs efnabruna á húð á meri sem hafði staðið í haga. Í álit dýralæknis sem annaðist hrossið lék ekki vafi á að hrossið hafði komist í tæri við ætandi efni. Heilbrigðiseftirlitið rannsakaði málið og einnig möguleika á því að efni frá iðnaðarlóð sem stendur við hliðina hefðu borist í hagann en ekkert við rannsókn málsins benti til þess. Síðar barst álit frá dýralækna hrossa hjá Matvælastofnun um að möguleiki væri á að um kalsár væri að ræða ef hrossið hefur staðið lengi í skurði. Ekki er unnt að fullyrða hvað olli sárum hestsins.

Vöktun vatna

Heilbrigðiseftirlitið sá um sýnatökur á sjósýnum á Langasandi á Akranesi fyrir Akraneskaupstað yfir tímabilið maí til september eins og sl. 8. ár. Niðurstöður rannsókna sýna litla saurmengun og hefur Langisandur staðist kröfur sem gerðar eru til Bláfánans.

Úrgangsmál

Að mati heilbrigðiseftirlits væri æskilegt að koma á samkomulagi við sveitarfélögin um fyrirkomulag um álímingar á bíla þannig að sama verklag gildi á öllu svæðinu.

Urðurnarstaðurinn í Fíflholtum heyrir undir eftirlit Umhverfisstofnunar en staðurinn kom til umræðu á fundi heilbrigðisnefndar þar sem bent var á að sóttmengaður úrgangur jafnvel frá öðrum landshlutum sé urðaður í Fíflholtum þar sem ekki er til búnaður til að farga honum í samræmi við lög og reglur. Þetta kom til eftir að SORPA lokaði fyrir móttöku úrgangs á Suðurlandi og neyðarástand skapaðist í sveitum. Urðunin var með samþykki Umhverfisstofnunar og stóð fram á árið 2020 en framlenging á samningi var neitað.



10. mynd. Áhersla var lögð á mengunarvarnaeftirlit með olúmannvirkjum í höfnum.



11. mynd. Hnúfubakur í æti. Akrafjall í baksýn.

Hvalreki

Árið 2020 bárust tvisvar sinnum tilkynningar frá lögreglu um hvalreka. Í fyrra skiptið var um að ræða grindhvalavöðu um 10 hvalir sem strönduðu í botni Álftafjarðar í Dalabyggð. Í síðara skiptið var um að ræða hrefnu sem rak á landi í landi Heyness í Hvalfjarðarsveit. Í báðum tilvikum var ákveðið af Umhverfisstofnun að láta hvalina liggja á strandstað. Samkvæmt verklagsreglum frá árinu 2005 um aðkomu opinberra aðila þegar hvali rekur á land, þá er aðkoma heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga fyrst og fremst að tryggja að umhverfi mengist ekki.

Loftgæði

Áform voru um að vinna að gerð viðbragðsáætlunar um loftgæði sveitarfélaganna á Vesturlandi og skila til Umhverfisstofnunar fyrir árslok í samræmi við beiðni frá stofnuninni í byrjun árs en ekki vannst tími til þess.

Mælingar á loftgæðum eru gagnlegar til að safna upplýsingum um stöðu málaflöksins og mikilvægar til ábyrgrar ákvarðanatöku og skipulags og til að kanna losun frá fyrirtækjum. Heilbrigðiseftirlitið mælir ekki sjálf loftgæði en nokkrar mælistöðvar eru á starfssvæðinu í tengslum við rekstur stóriðju á Grundartanga. Um niðurstöður þeirra mælinga er vísað í umhverfisskýrslur stóriðjunnar sem gefnar eru út árlega.

Fráveita í þéttbýli

Á Akranesi og í Borgarnesi sjá Veitur um rekstur fráveitukerfis fyrir þéttbýlið þar sem grófhreinsun á sér stað á skólpi áður en því er dælt út í sjó. Í miklum rigningarveðrum og þegar viðhald á kerfinu á sér stað er skólpi veitt um yfirfall í viðtaka án þess að hreinsun eigi sér stað. Meðhöndlun á skólpi fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 en þessi reglugerð er í endurskoðun hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Heilbrigðiseftirlitið skilar reglulega inn upplýsingum um ástand fráveitu og magn fráveituvatns til Umhverfisstofnunar sem tekur saman skýrslu annað hvert ár. Skýrsla kom síðast út árið 2020 með upplýsingum um árið 2017. Í skýrslunni er fjallað um ástand fráveitumála þar sem eru 2000 persónueiningar eða meira magn af skólpi. Á Vesturlandi falla Ólafsvík og Stykkishólmur í þennan stærðarflokk en þar er engin hreinun á skólpi sem er ekki í samræmi við framangreinda reglugerð. Heilbrigðisnefnd er með málið til skoðunar.

Á árinu samþykkti heilbrigðisnefnd með skilyrðum erindi frá hrognavinnslu á Akranesi um breytingu á fráveitulögn þannig að fráveita fyrirtækisins verði tengd inn á fráveitu loðnumjölsværsmiðju um fráveitulögn í eigu fyrirtækisins.

Fráveita í dreifbýli

Lífrænar hreinsistöðvar eru reknar af Veitum að Varmalandi, í Reykholti, á Bifröst og á Hvanneyri. Að öðru leiti er fráveita flestra húsa í dreifbýli á Vesturlandi tengd við rotþró og siturlagnir. Meðhöndlun skólps með þeim hætti telst vera tveggja þrepa hreinsun, þegar hvoru tveggja er til staðar rotþró og siturlögn. Ákveðin felling og aðskilnaður fitu á sér stað í rotþró en siturlögnin sér um niðurbrot baktería. Til að búnaðurinn virki rétt er mikilvægt að tæma hann reglulega annað til þriðja hvert ár. Sveitarfélög hafa samning við tæmingaraðila sem sér um þessi mál.


Það hefur færst í aukana að aðilar velji að setja lífrænar hreinsistöðvar í stað rotþróa og siturlagna og er slíkur búnaður mun hæfari til að brjóta niður lífræn næringarefni. Eftir sem áður virðist fráveitan innihalda bakteríumengað vatn og því er full þörf á að leggja siturlagnir við lífrænar hreinsistöðvar. Það er mikilvægt að þeir aðilar sem láta setja niður lífrænar hreinsistöðvar hafi gott aðgengi að þjónustuaðilum enda er um tæknibúnað að ræða sem þarf að viðhalda og sinna svo hann virki rétt.

FJÁRMÁL

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2020 er endurskoðaður af KPMG og mun liggja fyrir á ársfundi Heilbrigðiseftirlitsins 2021.

6. tafla. Rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands árið 2020. Prósentutölur sýna hlutfall af heildartekjum (61.932.538 kr.).

	Eftirlitstekjur	Mótframlag	Hlutfall (%)	Starfsleyfis- og þjónustutekjur	Samtals
Fjárhagsáætlun 2020	23.000.000	20.000.000		4.100.000	47.100.000
Niðurstaða					
Akraneskaupstaður		9.043.332	45,22%		
Borgarbyggð		4.623.695	23,12%		
Dalabyggð		767.015	3,84%		
Eyja- og Miklaholtshreppur		148.842	0,74%		
Grundarfjarðarbær		1.051.494	5,26%		
Helgafellsveit		76.822	0,38%		
Hvalfjarðarsveit		750.210	3,75%		
Skorradalshreppur		78.022	0,39%		
Snæfellsbær		2.009.363	10,05%		
Stykkishólmsbær		1.451.206	7,26%		
Tekjur samtals	35.901.110	20.000.000	100%	6.031.426	61.932.538
Hlutfallsleg skipting tekna	58%	32,3%		9,7%	100%
Raunkostnaður við rekstur					45.760.795
Rekstarniðurstaða					16.171.743



12. mynd. Hlutfallsleg skipting reksturs Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2020.



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innrimel 3, 301 Akranes
Sími: 431-2750
Netfang: eftirlit@hev.is
www.hev.is